

## Stjórnarfundur 9. apríl 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Maríanna Gunnarsdóttir, Leifur Arason, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Svafar Magnússon, Heiðrún Sigurðardóttir og Þórir Örn Grétarsson

*Málefni tekin fyrir:*

### 1. Stjórn skiptir með sér verkum

- Nýr meðlimur stjórnar, Sigurbjörn Jakob Þórmundsson, boðinn velkominn til starfa
- Maríanna Gunnarsdóttir hlaut kosningu sem gjaldkeri og tekur formlega við stöðunni
- Formaður og aðrir stjórnarmeðlimir hlutu einnig kosningu til áframhaldandi setu í stjórn Fáks
- Hjörtur leggur til að Leifur verði áfram varaformaður. Tillagan samþykkt samhljóða.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

### 3. Almannadalur

Hjörtur, Leifur og Heiðrún funduðu með Almannadalsféluginu þar sem rætt var um deiliskipulagsmál ofl.

### 4. Meistaradeild VÍS

Meistaradeild VÍS hélt tvö keppniskvöld í TM Reiðhöllinni; gæðingafimi þann 15. mars sl og tölt T1 og flugskeið 6. apríl sl. (lokavöld). Almenn ánægja er með hvernig til tókst.

### 5. Sjálfboðaliðar

Auglýsa þarf eftir sjálfboðaliðum til að vinna við komandi viðburði, þ.á.m. stórsýningu Fáks, Reykjavíkumeistaramót og síðast en ekki síst við Landsmót 2018.

### 6. Hreinsunardagur

Áætlað er að halda hinn árlega hreinsunardag Fáks daginn fyrir Sumardaginn fyrsta (18. apríl nk.), með fyrirvara þó um sæmilega veðurspá.

### 7. Reiðskólarnir

Samningar við báða reiðskólana sem starfræktir hafa verið á svæðinu undanfarin ár, eru í ferli hjá framkvæmdastjóra. Næsta mál er svo að gera sambærilega samninga við hestaleigurnar á Fákssvæðinu.

### 8. Framkvæmdir vegna LM2018

Lagt til að ráða starfsmann í 50% starf sem verkstjóri á Fákssvæðinu fram yfir Landsmót, og ráða með honum tvö ungmenni. Tillagan samþykkt samhljóða.

### 9. Ársreikningur

Á ársreikningi kom fram skuld Limsfélagsins við Fák. Limsfélagið hefur beðið um nánari upplýsingar um hvað þessi skuld felur í sér. Maríanna skoðar það.

### 10. Stórsýning Fáks

Logi Laxdal er sýningastjóri og sér um skipulagningu sýningarinnar, sem verður þann 14. apríl nk. Inga Guðmunds verður honum innan handar.

### 11. Fáksblaðið

Hjörtur  
KJ

Upp komst eftir prentun á blaðinu að nokkrar auglýsingar skiluðu sér ekki í blaðið. Stjórnin samþykkir að láta prenta blaðið aftur með öllum auglýsingum áður en það er sent út til Fáksmanna.

## 12. Keppnisjakkar

Rætt um keppnisjakka fyrir Fáksmenn og hvernig sé best að standa að kaupum/sölu á þeim.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.*

*Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.*

*Hör.*